



## FANGELSISMÁLASTOFNUN RÍKISINS

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Austurströnd 5 170 Seltjarnarnesi  
sími: 520 5000 bréfasími: 520 5019  
fms@fangelsi.is www.fangelsi.is

18. október 2019

Fangelsismálastofnun vísar til bréfs Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis vegna tillögu til þingsályktunar um betrun fanga, 24. mál.

Í þingsályktuninni segir að með henni sé lagt til að dómsmálaráðherra í samráði við félags- og barnamálaráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og heilbrigðisráðherra verði falið að setja á fót starfshóp um mótun heildstæðrar betrunarstefnu í fangelsismálakerfinu. Í gildandi lögum um fullnustu refsinga komi fram að lögunum sé ætlað að stuðla að farsælli betrun fanga og aðlögun þeirra að samfélaginu. Heildstæð betrunarstefna sé þó ekki til staðar og óljóst að hvaða marki lögin stuðli að betrun, enda sé aðgengi að námi og heilbrigðisþjónustu mismunandi á milli fangelsa og meðferðaráætlun einungis aðgengileg þeim föngum sem Fangelsismálastofnun telur nauðsynlegt að hljóti meðferð.

Fangelsismálastofnun fagnar allri umræðu um fangelsismál. Hins vegar er mikilvægt að slík umræða eigi sér ekki stað á mörgum stöðum í einu þannig að hætta sé á að hún verði ómarkviss en í dag eru a.m.k. tveir hópar að störfum um fangelsismál. Þá er nauðsynlegt að kostnaðarmeta öll þau verkefni sem talað er um í þingsályktunartillögunni og að fjármagn fylgi þeim verkum sem lagt er til að verði framkvæmd.

Í þingsályktunartillögunni segir að meðferðaráætlun skuli gerð fyrir alla fanga en ekki aðeins þegar slíkt telst nauðsynlegt að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 15/2016 um fullnustu refsinga skal Fangelsismálastofnun, í samvinnu við fanga gera meðferðaráætlun fyrir fanga sé það talið nauðsynlegt að mati sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Fangelsismálastofnun er ekki sammála framangreindri tillögu, þ.e. að gera eigi

meðferðaráætlun fyrir alla fanga, þótt slíkt sé að mati sérfræðinga stofnunarinnar ekki nauðsynlegt. Margir fangar fara í gegnum afplánun sína án nokkurra vandkvæða, eru með húsnæði að afplánun lokinni, fasta vinnu, eiga ekki við áfengis- og/eða fíknivanda að stríða o.s.frv. og því væri óþarfi að eyða tíma sérfræðinga stofnunarinnar í að gera meðferðaráætlun fyrir slíka menn. Þessir menn geta alla jafna nýtt sér afplánun með þeim hætti sem Fangelsismálastofnun telur vænlegast, þ.e. að byrja afplánun í lokuðu fangelsi, fara þaðan fljótt í opið fangelsi, þaðan á Áfangaheimili Verndar þaðan sem þeir stunda vinnu eða nám á daginn og ljúka síðasta hluta afplánunar heima hjá sér með ökklaband. Má segja að í raun sé um nokkurs konar meðferðar-/vistunaráætlun að ræða og ekki nauðsynlegt að leggja meiri vinnu í slíkt. Fangelsismálastofnun áréttar hins vegar nauðsyn þess að gera meðferðaráætlun fyrir þá sem þurfa á því að halda en með því að lögfesta þá skyldu að gera slíka áætlun fyrir alla fanga er sú hættu fyrir hendi að ekki verði hægt að sinna öðrum lögbundnum eða mikilvægum hlutverkum sem fangelsisvörðöld telja þörf á. Þá vill stofnunin að ljóst sé að þótt ekki sé gerð sérstök meðferðaráætlun fyrir fanga komi það ekki í veg fyrir að viðkomandi hljóti viðeigandi meðferð sálfræðings, geti afplánað hluta refsingarinnar í meðferð, verði vistaður á meðferðargangi o.s.frv.

Í þingsályktuninni er sagt að í ljósi þess að endurkomutíðni fanga sem afpláni með samfélagsþjónustu eða sambærilegum úrræðum sé lægri á Íslandi en annars staðar á Norðurlöndum sé ástæða til að kanna kosti aukins vægis samfélagsþjónustu og skoða hvort þörf sé á aðkomu dómstóla í þeim efnum. Fangelsismálastofnun fagnar umræðu um að auka vægi samfélagsþjónustu sem er að mati stofnunarinnar eitt mikilvægasta fullnustuúrræðið sem lög um fullnustu refsinga kveða á um og vel til þess fallið að ná þeim markmiðum laganna að draga úr líkum á ítrekun brota og stuðla að farsælli betrun og aðlögun dómpóla að samfélaginu. Samkvæmt 37. gr. laga um fullnustu er heimilt að fullnusta allt að 12 mánaða óskilorðsbundna fangelsisrefsingu með ólaunaðri samfélagsþjónustu ef almannahagsmunir mæla ekki gegn því. Í upphafi samfélagsþjónustu árið 1995 var einungis heimilt að fullnusta allt að þriggja mánaða fangelsisrefsingu með samfélagsþjónustu en í ljósi góðs árangurs af úrræðinu hefur það verið aukið verulega á síðustu árum. Í ljósi þessa telur Fangelsismálastofnun æskilegt að skoða hvort aukið vægi samfélagsþjónustuna enn frekar. Í tillöggunni er því velt upp hvort rétt sé að dómstólar taki ákvörðun um samfélagsþjónustu í stað Fangelsismálastofnunar. Um er að ræða umræðu sem hefur staðið yfir frá upphafi

samfélagsþjónustunnar þar sem menn hafa varpað fram kostum og göllum við núverandi fyrirkomulag. Að mati Fangelsismálastofnunar er betra að hafa framkvæmdina á hendi Fangelsismálastofnunar þar sem afgreiðsla mála er tiltölulega skjót og jafnræðis gætir við úrlausn þeirra. Ef ákvörðun um samfélagsþjónustu verður færð yfir til dómstóla er brýnt að tryggja að slíkt verði ekki til þess að þeim fækki sem fá að afplána refsingu sína með þeim hætti.

Í tillöggunni er vísað til upplýsinga Fangelsismálastofnunar um endurkomutíðni fanga sem byggist á skýrslu frá árinu 2010 og að mikilvægt sé að meta endurkomutíðni upp á nýtt með gögnum sem ná yfir lengra tímabil og greina ólíka endurkomutíðni fanga á grundvelli ólíkra brota og mismunandi afplánunar. Hjá Fangelsismálastofnun eru nú þegar til nýrri gögn um endurkomutíðni fanga en stofnunin tekur þátt í samnorrænni rannsókn á endurkomutíðni fanga sem er framkvæmd með reglubundnum hætti. Sýnir nýjasta rannsóknin tölur frá 2013-2017 þar sem endurkomutíðni er mæld.

Að lokum óskar Fangelsismálastofnun eftir því að eiga fulltrúa í þeim starfshópi sem hér er fjallað um, verði hann settur á fót.



